

25. janúar 2017 kl: 17:00



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Staðlað bréf til bekkjarfulltrúa.**
2. **Vísindamaður frá HA.** Getur komið fyrir efniskostnað. Fáum hann til að koma fyrir miðstigið. Ella finnur dagsetningu í samvinnu með kennurum miðstigs.
3. **Leikhópurinn Lotta.** Fá þau til að koma með sýningu fyrir yngsta stigið. Ella kannar það.
4. **Fyrirlestur út frá bókaröðinni; Hvað get ég gert.** Árný Ingvarsdóttir höfundur býður upp á fyrirlestur í mars fyrir foreldra grunnskólabarna í skólanum. Guðbjörg og Ásrún bera þetta upp á fundi Samtaka hvort þeir séu til í að taka þátt í kostnaði og sameina fyrirlestur fyrir skóla.
5. **Skipulagsmál við leikskólann Kiðagil, Giljaskóla og íþróttahús Giljaskóla.** Á fundinn mættu fulltúar frá foreldrafélagi Kiðagils; Inga Dís Sigurðard. og Einar Pálsson, frá starfsmannafélagi Kiðagils; Kata Jóhannesdóttir og Hildigunnur Rut Jónsdóttir fyrir hönd fimleikafélags Akureyrar. Ályktun frá sameiginlegum fundi skólaráðs og nemendaráðs Giljaskóla var send til skipulagsstjóra Akureyrarbæjar, á fasteignir Akureyrarbæjar og til Fræðslustjóra og skólanefndar Akureyrarbæjar þann 13. desember 2016 sl. Ákveðið var að senda frá sér sambærilega ályktun til þess er málið varðar í febrúar og þrýsta á úrbætur hvað varðar skipulagsmál og umferð við Giljaskóla. Ella ritari skólans útbýr ályktun sem fulltrúar ofangreindra félaga skrifa undir og send verður á ofangreinda aðila hjá Akureyrarbæ.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 22. febrúar klukkan 17:30.

Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir